



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

FÉLA2FL05 Flóttamenn

Kennari: Eyrún B. Magnúsdóttir	Sk.st.	EBM
---------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Viðfangsefnið er sögulegar og félagslegar orsakir flóttamannastraumsins til Evrópu. Skoðuð saga flóttamanna sem hafa komið til Evrópu og leið þeirra frá heimalandinu rannsökuð. Að hluta verður áfanginn tengdur alþjóðlegu verkefni í samstarfi við nokkra skóla í Grikklandi, Ítalíu, Tékklandi, Þýskalandi og Lettlandi. Í verkefninu er stefnt að aðstoð við flóttamenn og búnað til leiðbeiningar fyrir þá til að aðlagast betur með sérstaka áherslu á börnin. Einnig á að kanna hug heimamanna til flóttamanna og reyna að upplýsa um stöðu, aðstæður og ástæður flóttafólks.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- *orsökum flóttamannastraums til Evrópu*
- *uppruna flóttamanna*
- *leið flóttamanna til Evrópu*
- *tölulegum upplýsingum um flóttamenn og ferðir þeirra*
- *þeim hættum sem hafa mætt þeim á leiðinni*
- *þeim vanda sem flóttamannastraumurin skapar í Evrópu*

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- *að vinna með upplýsingar af netinu um flóttamenn*
- *að vinna stafrænt upplýsingaefni fyrir flóttamenn á íslensku og arabísku*
- *að vinna teikningar og litabækur fyrir börn flóttamanna*
- *að skrifa niður sögur flóttamanna og birta á sýningu í skólanum eða öðrum stöðum*
- *að eiga samskipti við nemendur í öðrum löndum á samskiptavefum.*

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- *Setja sig í spor flóttamanna og skilja aðstæður þeirra*
- *ræða stöðu flóttamanna við aðra af þekkingu og skilningi*
- *aðstoða flóttamenn sem koma til Selfoss við að aðlagast*
- *vinna upplýsinga- og afþreyingarefni fyrir börn flóttamanna sem koma til Íslands*
- *eiga samskipti við nemendur í öðrum löndum*

Námsefni: Ljósrit, efni af Interneti, annað frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34 – 35	22. ág. – 1. sept.	Kynning á áfanganum og fyrsta verkefni um orsakir.	Verefni 1. 10 %.
36	4. – 8. sept	Áhrif flóttamannastraums. Hugarflug vegna skyndihjálparbókar Hvaða vandamál koma upp í samfélagi? Möguleg viðbrögð við því?	Verkefni 2-3. 15%
37 – 39	11. – 29. sept	Undirbúningur vegna ferðar og vinna tengd erasmus+ verkefninu. Fyrirlestur Amnesty. Vinna að fyrstu hjálparbók.	Verkefni 4-6. 24%
40	2. – 6. okt	Vandamál sem tengjast komu flóttafólks.	Verkefni 7. 6%
41-43	9. – 27. okt	Fyrirlestur Rauði krossinn. Hvað þarf að gerast til að flóttafólk geti snúið aftur? Hlutfall þeirra sem sest að og þeirra sem snýr aftur.	Verkefni 8-9. 10%
44	30. okt – 3. nóv	Samánburður við aðra staði – fyrirmyndarlandið (staðurinn) á Íslandi – Evrópu.	Verkefni 12. 8%
45	6. – 10. nóv	Kvótaflóttafólk og lagabálkurinn í kring um hælisumsókn.	Verkefni 11. 7%
46	13. – 17. nóv	Fordómar – ástæður, birtingarmynd, aðgerðir.	Verkefni 12. 10%
47-48	20. – 30. nóv	Flóttinn í kring um heimsstyrjaldirnar tvær. Hvert fór fólk, hvers vegna, kom það aftur?	Verkefni 13. 10%
49	4. – 7. des	Uprifjun og samantekt.	

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

EBM